

Nokkrir HSS-jakkar til á skrifstofu

Á skrifstofu framkvæmdastjóra HSS á Höfðagötu 3 eru til nokkur eintök af bláu HSS vindjökkunum.

Þeir sem hafa áhuga á að tryggja sér jakka geta kíkt á skrifstofuna til að máta eða hringt í Arnar í s. 894-1941.

Fyrstir koma, fyrstir fá :)

Frábær árangur á Landsmóti 50 ára og eldri

Keppendur frá HSS gerðu góða ferð á Landsmót 50 ára og eldri sem fór fram á Hvammstanga nú um helgina. Hlaupagarpurinn Rósmundur Númason krækti sér í tvö silfur, annað í 60 metra hlaupi og hitt í 3000 m. hlaupi. Þá náði Rósi einnig í eitt brons í fjallaskokki í flokki 50 ára og eldri. Glæsilegur árangur þarna á ferðinni.

Hjónin Guðmundur Victor Gústafsson og Birna Richardsdóttir kepptu í golfkeppni mótsins og náðu glæsilegum árangri, voru bæði í þriðja sæti í sínum flokki.

Stærsti hópurinn frá HSS keppti í bridge og náðu þar ágætum árangri. Önnur sveitin, skipuð þeim Karli Þór Björnssyni, Guðbrandi Björnssyni og Jóni Ólafssyni lenti í fjórða sæti eftir að hafa verið í verðlaunasæti lengi fram eftir keppninni. Sveit skipuð þeim Ingimundi Pálssyni, Birni Pálssyni, Maríusi Kárasyri og Guðjóni Dalkvist urðu tíunda sæti.

Ingimundur Pálsson lét sér ekki nægja að keppa í briddsinu. Hann lét bæta sér við í keppni í dráttarvélaakstri á sunnudag og sá hreint ekki eftir því þar sem hann náði öðru sæti með glæsilegum akstri. Í efsta sæti varð Skúli Einarsson bóndi á Tannstaðabakka sem fór villulaust í gegnum brautina.

HSS óskar Strandamönnum innilega til hamingju með góðan árangur og óskum nágrönnum okkar í USVH einnig til hamingju með vel heppnað mótshald!

Fréttabréf HSS



1. tbl. 2011

Ábm. Arnar S. Jónsson

Mótadagskrá sumarsins

Á ársþingi HSS sem haldið var í Norðurfirði í maí sl. var lögð fram og samþykkt tillaga um mótadagskrá fyrir sumarið 2011. Hún er örlítið frábrugðin því sem tíðkast hefur undanfarin ár. Þannig má nefna til nýjunga að stefnt er að því að bjóða nágrannasamböndunum USVH og UDN til leiks á Héraðsmóti í frjálsum íþróttum þann 23. júlí. Þar hljóti allir keppendur sæti en stigakeppni sé á milli aðildarfélaga HSS.

Þá er einnig stefnt að því að halda sameiginlegt sundmót á Reykhólum með UDN, en endanleg dagsetning hefur ekki enn verið ákveðin þegar þetta er ritað. Þá er stefnt að því að halda barnamót í frjálsum íþróttum á Drangnesi þann 20. ágúst og í beinu framhaldi af því upp á sumarlokin með grilli og fjöri. Ekki er stefnt að því að halda bikarkeppni í knattspyrnu þetta árið, en aðildarfélög HSS eru hvött til að leita leiða til að halda firmakeppni í fótbolta ef tækifæri gefst.

Hér gefur að líta mótadagskrána:

- Landsmót 50 ára og eldri á Hvammstanga - helgina 24.-26. júní
- Polla- og þæjumót í knattspyrnu á sparkvelli - föstudaginn 1. júlí
- Sundmót HSS og UDN á Reykhólum - (dagsetning óákveðin)
 - Héraðsmót HSS á Sævangsvelli - laugardaginn 23. júlí
 - Unglingalandsmót á Egilsstöðum - helgina 29.-31. júlí
 - Barnamót HSS á Drangnesi - laugardaginn 20. ágúst
 - Sumarslútt HSS á Drangnesi - laugardaginn 20. ágúst

Einnig er alltaf hægt að nálgast dagskrána á vef sambandsins hss.123.is. Dagsetning vegna sundmóts verður t.a.m. sett þar inn á næstu dögum.

Frá ársþingi Héraðssambandsins

64. ársþing HSS var haldið í Kaffi Norðurfirði laugardaginn 7. maí. Alls mættu þrjátíu fulltrúar á þingið auk gestanna Sæmundar Runólfssonar framkvæmdastjóra UMFÍ, Gunnlaugar Júlíussonar í varastjórn ÍSÍ og Guðmundar Hauks Sigurðssonar, formanns USVH. Þingið tókst vel í alla staði.

Á dagskrá voru venjuleg aðalfundarstörf. Fram kom í máli formanns, Vignis Pálssonar, að gerður hefði verið samningur við Strandabyggð um stöðu framkvæmdastjóra Héraðssambandsins. Samningurinn hljómar upp á að tómstundafulltrúi Strandabyggðar taki að sér framkvæmdastjórn sambandsins, en HSS greiðir sveitarfélaginu kr. 500.000.- á ársgrundvelli.

Arnar S. Jónsson tómstundafulltrúi kynnti starf og hlutverk framkvæmdastjórans, en honum er ætlað að vera tengiliður við aðildarfélögin og UMFÍ, ÍSÍ og sveitarfélög. Honum væri ætlað að miðla, kynna og markaðssetja sambandið og starf þess, aðstoða aðildarfélögin við Felix skil, styrkbeiðnir og bréfaskrif eftir þörfum, ásamt því að skipuleggja og undirbúa mót sambandsins án þess þó að stjórna þeim á vettvangi.

Í kosningum var samþykkt tillaga uppstillingarnefndar um óbreytta stjórn sambandsins. Stjórn HSS starfsárið 2011-12 skipa því:

Vignir Örn Pálsson formaður
Hrafnhildur Þorsteinsdóttir varaformaður
Þorsteinn Newton gjaldkeri
Aðalbjörg Óskarsdóttir ritari
Rósmundur Númason meðstjórnandi

Fræðast má um allar stjórnir og ráð inni á vef HSS, 123.hss.is, en þar kemur m.a. Fram að þeir Óskar Torfason, Jóhann Áskell Gunnarsson og Jón Pálmar Ragnarsson voru kjörnir í Landsmötsnefnd, en án efa mun talsvert mæða á þeim þegar liður nær verslunarmannahelgi.

Hadda Borg kjörin íþróttamaður ársins 2010

Hadda Borg Björnsdóttir hlaut afgerandi kosningu sem íþróttamaður ársins hjá HSS 2010 og fékk því afhentan veglegan farandbikar á ársþingi HSS í maí.

Hadda Borg Björnsdóttir náði frábærum árangri í hástökki árið 2010. Hún vann m.a. til gullverðlauna á Unglingalandsmóti og í sínum aldursflokki á Meistaramóti Íslands með því að stökkva yfir 1,61 á báðum mótunum. Þá varð hún í þriðja sæti á Reykjavíkurlöngunum í upphafi árs 2011 auk þess að vinna sigur í mörgum greinum á Héraðsmóti í Sævangi árið 2010.

Polla– og pæjumót HSS á Hamingjudögum

Polla– og pæjumót 14 ára og yngri í knattspyrnu verður haldið á sparkvellið við Grunnskólann á Hólmavík föstudaginn 1. júlí kl. 18:00.

Skráning og skipting í lið fer fram á staðnum. Nú er mál að fjölmenna og hvetja krakkana okkar til dáða í fótboltanum!

HSS tekur þátt í Fjölskyldan á fjallið

Héraðssambandið tekur í sumar þátt í almenningu-íþróttaverkefninu *Fjölskyldan á fjallið*. Um tuttugu fjöll víðsvegar um landið eru hluti af verkefninu sem felur í sér að gestabók er komið fyrir uppi á fjallinu. Í lok árs er síðan dregið úr nöfnum þeirra er rita nafn sitt í bókina og eiga menn von á veglegum vinningum ef lukkan er með þeim.

Fjall HSS í verkefninu er Reykjaneshyrna í Árneshreppi. Gestabókarkassinn er ekki kominn á sinn stað þegar þetta er ritað, en það stendur án efa til bóta innan skamms.

Heimasíða HSS...

...er á slóðinni hss.123.is.

Heimasíðan hefur öll verið tekin í gegn, breytt og bætt til hins betra og er nú reglulega uppfærð. Endilega fylgist með starfsemi sambandsins og aðildarfélaga þess á síðunni.

Einnig er HSS komið með Facebook-síðu sem getur alveg bætt við sig fleiri góðvinum.